

Skógarvörðurinn á Austurlandi

S T A R F S S K Y R S L A      F Y R I R      A R I Ð      1 9 6 4

Sigurður Blöndal

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1964.  
mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

I. Veður og vöxtur.

1. Veðurfar.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1964:

Mánuðirnir janúar, febrúar og marz eru með hærri meðalhita en hér hefir mælt nokkurt ár áður. Í lok hlýindakaflans í janúar, hinn 23. þess mánaðar, voru loðvíðirunnar, sem vaxa í rökum jærðvegi, búin að sprengja talsvert af blómhlífum. Hinn 9. febrúar voru bingvíðiblóm búin að kasta öllum blómhlífum. Sama mánaðardag byrjuðu brum á lerki að þrútna, en 10. marz byrjaði að sjást grænn litur á lerkiskóginum. Hinn 18. marz fóru að sjást fullútsprungin vetrarblóm. Þann mánaðardag byrjaði að sjást vorgróður á útjörð. Reyniviður var þá byrjaður að springa út í græðireitnum og heggur nýorðinn allaufgaður. Hinn 25. marz byrjuðu brum á nýgræðingi af birki að opnast á skjólsóum stöðum.

I marzmánuði fór sprittmælirinn aðeins 10 nætur niður fyrir frostmark við jörð.

I aprílmánuði var aftur frost við jörð í samtals ~~xxxxxx~~ 20 nætur. Fór því gróðri ekki fram, fyrr en eftir 26. apríl, en þá komu hlýindi og héldust síðugtu daga mánaðarins. Var þá framför á grasi og brumum trjáa miðaði áfram að opnast. En í fyrri hluta maí fór gróðri lítið fram. Hann stóð auvitað í stað, er norðanblásturinn kom hinn 13. maí og í kjölfar hvassviðrisins. En eftir 17. maí komu hlýindi með nægum vætum og fór gróðri þá mjög fram.

Frá 28. maí til 19. júní var mjög köld tíð. Hæst fór hitinn á því tímabili 2. júní í 12,4 stig. Aðfaranótt 9. júní var næturfrost og bar eftir það á skemmdum á ungum, nýsprötnum barrtrjátoppum í græðireitnum. Eftir 19. júní kom hlýindakafli til 27. s.m. En NV-veðrið 27. Óg 28. júní stöðvaði vöxt nytjagróðurs um nokra daga.

Dagana 1.- 7. júlí var hiti um meðallag, en lækkaði ~~mjög~~ snögglega hinn 7. og var mjög kalt í veðri fram að 15. júlí. Þá gekk í hita, er héldust í 10 daga. Var meðalhitinn í 11 sólarhringa á eftir 14,5 stig. Er það með hæsta hitastigi hér svo marga daga í röð. Eftir hitakaflann var hitastigið um meðallag til 28. júlí. Hinn 28. gerði N-kalda, er var líkur og mánuði á undan, þó ekki eins hvasst.

Framför var mjög góð á sumum trjátegundum á hitatímabilinu, sérstaklega á lauftrjám. Er leið á pennan hitakafla, var aldinþroskun og spretta ýmissa jurta komin svo vel á veg, að leit út fyrir, að spretta þeirra ætlaði að verða í meðallagi.

Fyrrihluta ágústmánaðar var hitastig um meðallag, en lítið sólfar. Eftir frostnæturnar 14. og 15. ág. stöðvaðist allur vöxtur og hélt mjög kalt í veðri til 29. ágúst. Þessi ágústmánuður er annar kaldasti, er mælt hefir frá upphaf mælinga.

Dagana 30. ág. til 5. september var hlýtt í veðri. Var þá daga bjart og suma þeirra alveg logn. Þá daga undirbjuggu margar tegundir mjög örт brumin undir veturinn.

8. - 12. sept. voru næturfrost, en þá daga var stillilogn og indælis veður á daginn. Frá 13. sept. til mánaðarloka var áttin norðlæg og norðaustlæg og mjög loftkalt.

Fyrsta vika í október var ákaflega hlý og hélt mjög milt til 20. og langtum mildara en meiri hluta september. Jarðvegurinn var víða að verða vatnslítill í lok mánaðarins vegna lítilla fúrkому í okt. og tveimur undanfarandi mánuðum.

Fyrrri hluti nóvember var mjög mildur, SV-átt var algengust og stundum hægviðri. En hinn 13. fór að frjósa og var oftast nokkurt frost og auð jörð út mánuðinn. Hélzt verðáttan svipuð fram yfir miðjan desember. Hinn 17. des. hlýnaði og hélzt óvenjulega hlýtt veður eftir árstíma til hins 23.. 22. des. var pingvíðir byrjaður að sprengja brumhlífar.

Hinn 23. des. gekk aftur í frost og síðar snjókomu, svo að í lok ársins var snjódýpt 28 cm. Úrfellið var fyrir neðan meðallag í des., eins og 4 síðustu mánuðunum á undan. Í des. aðeins helmingur á móti meðallagi.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1964.


Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskins- stundir	Fjöldi vaxtar ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	1,2	+2,4	35,0	-75,3	-	-
Febr.	1,0	+2,3	23,4	-46,0	45,5	-
Marz	4,9	+4,7	89,8	+47,4	101,3	-
Apríl	2,6	+1,1	39,5	+ 0,9	115,8	-
Maí	6,4	+0,6	62,2	+39,5	156,4	-
Júní	8,7	-0,4	38,5	+10,0	193,8	50,67
Júlí	11,3	+0,4	55,1	+16,3	185,2	81,12
Ágúst	8,1	-1,7	25,8	-14,5	107,5	45,29
Sept.	5,1	-2,4	24,3	-29,5	87,5	-
Okt.	4,9	+0,5	20,1	-49,5	60,5	-
Nóv.	1,5	-0,1	43,2	-41,3	3,3	-
Des.	-2,6	-2,1	48,6	-45,9	-	-
Arið	4,5	+0,5	505,5	-189,7	1.056,8	-
Júní- Sept.	8,1	-1,3	-	-	-	-

Vik frá meðallagi er teiknað eftir meðaltölum áranna 1941-1963, að báðum meðtöldum.

Að sumrinu komu 7 dagar með 20 stiga hámarkshita og yfir og varð hlýjast 20. júní, 25,0 stig C. Síðasta vorfrost í mælaskýli kom 9. júní -0,6 stig. Þá varð frostið við jörð XX -4,0 stig. Síðasta frost í júní við jörð kom hinn 19., -0,5 stig. Í júlí kom frost við jörð hinn 29., -1,7 stig. Fyrsta frost í mælaskýli kom 2. ágúst -0,6 stig. Þá urðu -2,7 stig við jörð. Og 15. ág. varð frostið við jörð -3,4 stig. Og 8. sept. kom -3,7 stiga frost í mælaskýli og XXX -6,1 stig við jörð.

Til fróðleiks set ég hér fjölda daga með frost við jörð þetta frostasumar, sem svo mætti nefna: Maí 8 dagar, júní 6 dagar, júlí 1 dagur, ágúst 4 dagar og september 11 dagar.

Ég hefi tekið saman á línumit til gamans þau atriði, sem árlega eru birt hér í skýrslunni um veðurfarið: Tetraterm, vaxtareiningar Morks og bjart sólskin til þess að sjá, hvernig samræmið væri í þessum þrennum athugunum. Nær línumit þetta yfir árin 1955 til 1964 að báðum meðtöldum.



Línurit yfir hitastig, fjölda vaxtareininga og sólskinsstundir á Hallormsstað árin ~~XVII~~ 1955-1964.

## 2. Vöxtur og brif trjágróðursins.

a. Laufgun og lauffall. Birkiskógrurinn varð allaufgaður 23. maí, en tveimur dögum áður varð hann laufgaður niðri við Fljót. Hins vegar opnuðust brum á birki í hlýindakaflanum, sem hófst 26. apríl.

Birkilauf tók að falla 25. sept. og var skógrurinn þann dag orðinn algulur. 29. sept. féll allmjög lauf í S-kalda, er var þann dag. Í S- og SV- kalda hinn 30. sept. féll mest laufið og 5. okt var allt fallið.

Lerkið opnaði brumin um 10. mars (sjá P. G. á bls. 1) og um 10. maí mátti það teljast útsprungið. En dagana 13. og 14. maí kom kuldakast á N og NV og skemmdust þá nálar og brum á flestum lerkikvæmum og héldust þau mjög bleik fram eftir sumri. Það var fyrst í júlí, að þessi kvæmi fóru ofurlítið að grænka, er nýir sprotar byrjuðu að vaxa á hliðargreinum, en nálarnar á dvergsprotunum náðu sér aldrei. Í haust var áberandi, hve þessar skemmdu nálar hengu lengi á sprotunum. Hefi ég satt að segja ekki skrifað hjá mér, hvenær nálfall varð á lerkinu.

b. Vöxtur á öllum barrtrjám varð nú hinn minnsti, síðan ég hóf hér störf. Nær það til allra tegunda, sem hér eru. Gamla stafafuran frá 1940 var sú tegundin, sem minnstur munur var á.

En lauftré í gróðrarstöðinni tóku mjög sæmilegum framförum og ~~xma~~ sama má segja um Alaskaösp, sem hér hefir verið plantað í námunda við hús á staðnum. En auðvitað hefir verið borið á öll þessu tré.

Eins og þegar er frá sagt, varð lerki hér fyrir mesta áfalli síðan a.m.k. 1918 og kannski frá upphafi. EKKI skeði þó neitt stórslys álíka og t.d. á Eiðum 1952, því að engin tré misstu nálarnar, en á flestum trjám skemmdust toppbrumin svo, að hæðarvöxtur varð lenginn á árinu. Í Guttormslundi voru samt einstöku tré, sem ekkert sá á. Hafa þau flest verið merkt. Mest sá á nálum á Trkutsklerki, en tvö kvæmi skáru sig úr lerkinu að því leyti, að á þeim sá mjög lítið: Chebalinsky og Raivola, hið fyrrnefnda þó betra.. Fn hæðarvöxtur varð samt minni en í fyrra á báðum.

Afleiðingin af þessu áfalli á lerkinu mun væntanlega birtast á tvennan hátt: 1) Vaxtarýrnun og 2) miklu af ~~v~~ítítoppum á næsta ári eða 1965. Ég hefi ekki athugað, hvort hliðstæð rýrnun er á þervexti eins og á hæðarvexti.

Greni óx mjög lítið, nema þar sem gætti verkunar af áburðargjöf frá 1963, eins og síðar verður frá skýrt. Og sitkagreni við Kliftjörn, þar sem jarðvegsraki er mjög mikill, óx ótúlega vel.

c. Fræfall varð nú meira á birki en í mög ár. Í fljótu bragði er ekki auðvelt að finna skyngingu á því, þar eð sumarið í fyrra sýndi mjög lágan meðalhita. Hugsanleg skýring kynni að finnast á þessu fyrribæri í því, að sumarið 1964 reyndist fjöldi vaxtareininga Morks ótrúlega mikill í júní-ágúst (sbr. meðf. linurit) miðað við sumarhita á mæli.

Safnað var ~~XXXXXX~~ 23 kg af birkifræi.

A broðfur var talsvert fræ, en fyrir vangá misstum við nokkuð af því, er könglarnir opnuðust mjög skyndilega í hlýjum S-vindi í byrjun okt.

Ofurlítið var af fræi á stafafuru og nokkrir könglar á lindifuru. Ennfremur voru nokkrir könglar á blágreni og ravðgreni. Einmitt þetta, að nefndar tvær grenitegundir skyldu nú bera köngla, kemur álíka spánskt fyrir og fræfallið á birkinu.

## 3. Sakaður á trjám.

Sjá hér að framan ~~XX~~ í 2, b.

## 4. Klaki í jörðu.

I gróðrarstöðinni varð klaki 45 cm á þykkt, en var að mestu horfinn í marzlok. Var þá komin rekustungudýpt niður á frost, en úr því reynist venjulega skammt til klakaslita.

I skóginum mældist klaki ~~XXXXX~~ 7 cm á þykkt, en var að fullu horf-

inn um miðjan marz.

Í árslok var frost orðið 10 cm á þykkt undir þunnu mosalagi í skóginum.

## II. Starfssfölk.

Talfa II sýnir fjölda fólks, eins og það var flest á hverjum ársfjórðungi, ásamt kaupgreiðslum og vinnustundafjölda. Vinnustundafjöldi nær þó ei til ákvæðisvinnu.

Hér er vissulega ekki heldur tekinn með vinnustundafjöldi Norðmanna, sem plöntuðu hér í ágúst, enda var þar ei heldur um kaupgreiðslur að ræða.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og undanfarin ár. Í veikindaförföllum hans í júní og júlí sá ég um dagleg störf í gróðrarstöðinni.

Ingibjörg Sigurðardóttir var matselja í Mörkinni sjötta sumarið í röð. Verður aldrei of mikið úr því gert, hvaða þýðingu hefir að hafa hennar líka í þessu starfi.

Nú var Jón Jósep Jóhannesson hér á ný og hafði umsjón með plöntun í Jórvík og hér á Hallormsstað í júlí - vann raunar allan tímann að plöntuninni sjálfur - en starfaði fyrir Skógræktarfélag Austurlands á Eyjólfss töðum í ágúst að undirbúningi plöntunar og plöntun. Þá vann Jón við áburðargjöf í skóginum fyrrihluta júlimánaðar. ~~EKK~~ Og alltaf við og við leiðbeindi hann ferðafólk í skóginum. Vann hann hér mjög gott starf í sumar.

Tafla II. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1964.

Arsfjórðungur	Fjöldi	Vinnustundir	Kaup kr.	Ákvæðisv. kr.
1.	6	2.440	99.812,30	-
2.	29	7.284	258.538,40	17.240,04
3.	24	8.207	314.308,75	-
4.	4	1.023	46.474,21	-
Arið	-	18.954	719.133,66	17.240,04
			736.373,70	

Í Jórvík var Hannes Þórðarson með Jóni Jósep og sá um alla aðdrætti og undirbúning verunnar þar. Var hann okkur ómetanleg hjálparhella. Yfirlöfuð er sú fórnfýsi, sem þessi merkilegi maður hefir sýnt í sambandi við allt okkar starf í Jórvík, af því tagi, sem nú er því miður orðin alltof sjaldgæf. Þarna hittir maður einu sinni fyrir mann, sem vill eiga hlut að verki, án þess að krefjast fyrir það borgunar að kvöldi.

A skrifstofunni aðstoðaði mig Margrét Hallgeirsdóttir úr Reykjavík. Hún reiknaði út kaup og sá um útborganir og leysti þetta af hendi með hinni mestu prýði.

Haukur Ragnarsson tilraunastjóri var hér fyrri hluta ágústmánaðar og sá um Norðmannaplöntunina.

Baldur, Bragi og Guðmundur Jónssynir unnu hér mestan hluta ársins, eins og undanfarin ár.

Í júnímánuði gekk hér yfir influenzufaraldur, sem lagði í rúmið hjá okkur fleira fólk en nokkru sinni hefir gerzt, síðan ég fór að starfa hér. Var veikin mjög svæsin og lá fjöldi manns veikur í einu. T. d. 12. júní lágu í einu 6 af 7 karlmönnum, sem hjá okkur unnu, og 5 stúlkur. Og 15. júní voru aðeins 6 stúlkur verkfærar.

Veikindi bessi komu á versta tíma, þegar dreifsetning stóð sem hæst og plöntun átti að hefjast í Jórvík. Fyrir því töfðust bessi verk til stórbaga, og veikindin ollu því, að ekki var plantað í Jórvík nema helmingi bess, sem áætlað var.

Sumt fólkið var lengi að ná sér eftir veikina, t.d. fór Páll Guttormsson mjög illa út úr henni og var frá verkum meira og minna í þrjár vikur.

Til fróðleiks hefi ég tekið saman vinnutap það, sem við urðum fyrir. Það nam um 60 dagsverkum karla og kvenna og kostnaður, sem leggja varð út vegna veikindadaga nam um 13 þúsund kr.

### III. Girðingar.

#### 1. Viðhald.

a. Hallormsstaður. Eins og undanfarin ár var aðeins unnið við nauðsynlegasta girðingaviðhald. Hrökk það þó ekki til bess, að girðingin væri fjárlæus. Olli því einkum vandræðin með hliðið við Sólheimi. Vegagerð ríkisins hafði lofað að koma þar upp bípuhlíði. Úr því varð hins vegar ekki að þessu sinni. Baðst Vegagerðin griða með þetta mál til vorsins 1965, og gaf ég samþykki mitt til þeirrar frestunar, einkum vegna bess, að öll samvinna við verkfræðing og verkstjóra þeirra hér á Austurlandi hefir verið með ágætum undanfarin ár.

I sambandi við lokun ~~XXXXXXXXXXXXXX~~ Mjóanes- og Hafursárgirðingar var nú gamla bípuhlíðið við Hafursá loks tekið upp og einnig girðingin við það.

Viðhaldskostnaður á árinu nam rúmlega 6.000 kr.

b. Jórvík. Allmiklar skemmdir höfðu orðið á Jórvíkurgirðingu um veturinn. Hafði einkum runnið ~~XXXXX~~ úr fyllingum viða, sig slitnað o. fl. Var þetta lagfært. Kostnaður varð um 3.800 kr.

Hér vildi ég koma því að, að sá frágangur, sem tíðkazt hefir á sig um í girðingum og líka útbindingum við hornstaura, er að mínum dómi mjög ófullkominn og dýr. Hefi ég ákveðnar hugmyndir um, hvernig þetta megi bæta og vildi gjarnan fá það mál tekið til umræðu á næsta starfsmannafundi.

#### 2. Mjóanes- og Hafursárgirðing.

Hinn 8. júní hófst vinna við síðasta áfangann til bess að loka bessari girðingarlengju, sem verið hefir í smiðum síðan árið 1957. Inflúenzufaraldurinn olli því, að á þessu verki urðu miklar tafir, svo að girðingunni var ekki lokað fyrr en 1. júlí. Má það í rauninni telja merkileg tímamót í sögu starfseminnar hér, því að þá bættist við friðlandið spilda, sem er 6,2 km á lengd eftir þjóðvegi, eða jafnlöng og Hallormsstaðaskófur sjálfur. Með þessu er samfellt friðland 12 km á lengd meðfram Fljótinu. Auðvitað er þessi spilda á köflum mjó. En þar á sannarlega vel við máltaði: "Mjór er mikils vísur".

Nú var mest unnið við girðinguna sitt hvorum megin við Hafursártúnið og svo að ganga frá hliðum til bráðabirgða. Hliðið við Gunnlaugsstæði er að vísu að mestu leytti búið (eftir að ganga endanlega frá læsingum og mála það), en sökum bess, ~~þe~~ veikindin settu ~~XXXXXX~~ allt úr skorðum, urðum við að setja upp bráðabirgðahlið (vírnet) við Mjóanes, Freyshóla og Hafursá. Grindurnar í þessi hlið voru heldur ekki tilbúnar. Eftir var að fullgera hjörur og læsingar og mála þær.

Til bess að girðingin sé fullgerð er þetta eftir:

1. Fullgera hliðin, sem að ofan voru talin.
2. Negla upp styttur frá Mjóaneslæk og innúr.
3. Endurnýja girðinguna meðfram Hafursártúni, svo sem ætlunin er að gera skv. byggingarbréfi Hafursárbóna. Hér er hægt að notast svotil eingöngu við gamalt efni, nema nýja tréstaura þarf. - Við þetta verk er lokið nauðsynlegri ýtuvinnu.

Kostnaður á árinu varð þessi:

1. Vinna .....	kr. 33.077,24	+
2. Vinna jarðytu .....	" 4.290,00	
3. Flutningar og akstur .....	" 2.877,10	
4. Vírnet og járnasuarar .....	" 2.826,00	
5. Annað aðkeypt efni .....	" 2.069,00	
6. Tréstaurar .....	" 665,00	

Alls kr. 45.804,34

=====

+ ) Af þessari upphæð eru um 11.000 kr. vinna, sem unnin var á árinu 1963, en greidd á þessu ári og tilheyrir öll hinni eiginlegu Mjóanesgirðingu, og um 1.800 kr. af akstursliðnum er sama eðlis. - Þá er er innifalin í upphæðinni rúml. 14.000 kr. vinna við smíði hliðgrinda og öflun á efni í þær. Pípurnar í grindurnar verða hins vegar ekki bék-færðar fyrr en á árinu 1965.

### 3. Eiðagirðing.

Við tókum að okkur að ~~falla~~ áfram framkvæmdum við skógarfirðinguna á Eiðum fyrir Eiðaskóla. Voru til ráðstöfunar í það verk 25,000 kr.

Tekinn var fyrir kafli, 1.000 m langur, norðan við túnið á Eiðum frá horninu, þar sem endað var haustið 1962 innan við Eiðalæk og eftir skurðruðningi alveg út fyrir túnið og þaðan þver=tyfir sundið austur að Eiðalæk. Þessi kafli hefir ekki verið girtur áður.

Hér hagaði svo til, að það purfti mörg horn og tvö hlið.

Lokið var allri jarðvinnu: Settir upp hornstólpars með stögum, reknir niður tréstaurar og gerð hliðin tvö. Er aðalhliðið á veginum niður í rafstöð skólans steinsteypt, en hitt hiðið, sem er á úthiðinni, úr rekatrjáum.

Eftir er að strengja net og gaddavír, en efni til þess komið á staðinn. Væri hægt að vinna það verk fyrir vorið, ef tíð verður hagstæð.

### IV. Skógarhögg.

Skógarhöggið á árinu varð hátt í priðjungi minna en árið áður, eða aðeins rúm 80 tonn. Viðarsala nam þó nokkru hærri upphæð, eða 112.500 kr. (sölusk. ekki meðreiknaður). Verðmæti jólatrjáa og jólagreina nam 26.900 kr. (án söluskatts). Samanlagt verðmæti skógarrafurða (tré með hnauð skóginum ekki meðreiknuð) nam þannig tæplega 140.000 kr.

"Sla skógarrafurða" í bókhaldinu var hins vegar bókfærð með debet kr. 116.000 kr., en kredit með 182.000 kr. En hér er um brúttóupphæðir að ~~með~~, þar sem bæði flutningskostnaður og söluskattur eru innfaldir.

Sala á eldiviði varð nú alls engin og tók enn fremur fyrir sölu á reykingaviði til K. Jónsson & Co. hf. á Akureyri, sem varð nokkur árin 1962 og 1963. Var nú aðeins seldur ofurlítill reykingaviður hér á næstu firði.

Hins vegar var svipað magn ~~XXX~~ sent til Reykjavíkur af arinviði og undanfarin ár.

Salan á girðingarstaurum úr birki varð lík og sl. ár, smávegis tilfærsla milli flokka. En viðurinn, sem féll á sl. vetri, nýttist miklu betur í staura en árið áður, því að höggvinn var beinvaxnari skógor.

Guttormslundur var grisjaður utan hinna föstu tilraunaflata og fékkst því nokkuð af lerkistaurum, eins og tafla III ber með sér.

Fyrir jólin voru seld 176 kg af furugreinum (jalla fura og stafafura) og 163 jólatré. Það er greinilegt, að eftirsprung eftir jólatrjám eykst jafnt og þétt. Veldur bæði góð afkoma fólks í þéttbýlinu og svo hitt, að fólk er nú fyrst síðari árin farið að kynnast þessu fyrirbæri hér um slóðir. Maður verður mjög greinilega var við það, að margir leggja

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1964.

	B II stk.	B III stk.	B IV stk.	B i r k i	Styttrur stk.	Eldiv. tonn	Efniv. tonn	Krónur	B I st.	B II st.	B III st.	B IV stk.	L e r k i	Krónur stk.
Salæ 1964	3.208	1.749	1.450	1.255	20,88	1,24	104.325,10	30	480	90	131	-	15.450,00	-
S.r. Hall	-	-	-	-	25.00	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Rýrnun	-	-	-	-	-	5,10	10.200,00	-	-	-	-	-	-	-
Birgðir	-	-	-	-	-	-	-	-	36	-	10	40	190	3.740,00
Alls	3.208	1.749	1.450	1.255	45,88	6,34	114.525,10	66	480	100	171	190	19.190,00	
+ b. '63	250	-	-	-	-	5,10	13.200,00	42	150	70	90	190	8.180,00	
Högg '64	2.958	1.749	1.450	1.255	45,88	1,24	101.325,10	24	330	30	81	-	11.110,00	
Tonn	19,8	7,0	4,8	2,5	45,88	1,24	76,60	0,3	2,7	0,3	0,4	-	3,7	

Högg 1964 alls 80,3 tonn. Staurar alls (lerki og birki) 6.622 stk.

Styttrur alls (birki) ..... 1.255 "

Verðmætti alls (að frádreginni heimanotkun eldiviðar) . kr. 112.435,10.

Aths. Reynslan hefir sýnt, að ekki er hagkvæmt að telja birgðir af efni-  
viði, þar eð hann getur bæði rifnað í geymslu og svo er erfitt að-  
vita með viðsu fyrirfram, hvað reynist seljanlegt. Verður því að-  
eins talið til höggs árlega það, sem **XIX** selst hverju sinni.

ákaflæga mikið upp úr því að fá íslenzk jólatré. Og gaman er að ~~XXXXX~~ því, að einstöku menn, sem í nokkur ár hafa fengið hjá okkur broddgreni, biðja gagnert um jólatré af þeirri tegund.

Sumt af jólatrjánum var fellt í rauðgreniteignum frá 1948, en mest í Lýsishólnum í plöntuteignum frá 1955 og 1956, þar sem ég létt planta allþétt og hafði þá einmitt í huga jólatrjáhögg.

Mest af birkinu félí að þessu sinni í Lýsishól. Var nú ~~míkinn~~ að miklu leyti felldur skermurinn ofan af plöntunum þar, svo að aðeins standa fá tré á strjálingi upp á punt. Ennfremur var parna grisjað fyrir nýrri plöntun á sem næst 1,5 ha.

Þá var grisjað ofan af rauðgreniplöntun frá 1958 í Stóraskógi og alveg felldur skermur sá, sem eftir stóð yfir lerkiplöntun frá 1957 ofan við Atlavíkurstekk. Sama var gert við sveigfuru- og svartgreniteigana framan við Mörkina.

Síðast á árinu var Páll Guttormsson farinn að grisja skerminn yfir lerkinu frá 1959 í Partinum. Er fyrirhugað að fella hann að mestu leyti í vetur.

## V. Gróðrarstöð.

### 1. Nývirki og umbætur.

Í þessu efni hjakkaði í sama farinu, ~~en~~ ýmislegt byrfti þó að gera, til þess að gróðrarstöðin liti ein vel út og æskilegt væri.

Hér skal þó getið þess fáa, sem gert var: Unnið var að endurnýjun vermireitaglugga, sem kostaði mikinn pening og keyptir voru nýir og hentugir kassar til þess að hafa í dreifsetningarplöntur. Kostuðu þeir tæpar 5.000 kr. Eg get þess til gamans, að Stofnunin hefir fram að þessu ekki átt neina slika kassa, heldur haft þá að láni.

Keypt var allmikið af polyethylen-plasti til þess að hafa yfir fræbeð. Ekki tel ég það samt hafa komið að fullu gagni, þar eð erfitt er að festa það á hentugan hátt á venjuleg gluggaundirlög. Hins vegar er örugglega hægt að finna góða lausn á að nota plastið með því að strengja það á léttu ramma, sem gerðir eru úr grönum pípum, t.d. í líkingu við venjuleg raflagnarör.

Í reitinn var ekið 10 bíhlössum af sandi og var megnið af því notað til yfirbreiðslu á dreifsetningardeð ársins 1963, sem ó~~X~~ mjög lítið í sumar.

Haldið var áfram tilraun með að þekja dreifsetningu ~~sí~~ ársins með einum saman sandi. Sl. vetur gafst það sæmilega, en þó reyndi mjög lítið á, að eð lyfting af völdum holklaka var hvergi til skaða.

### 2. Fræplöntur.

Sáð var í 535,5 m<sup>2</sup>, sem er mun stærri flötur en árið áður. Sáð var dagana 28., 29. og 30 maí. Langmestu var sáð af lerki og birki. Skv. talningu í haust eru þetta aðeins um 130.000 plöntur, og höfum við ekki í háa herrans tíð átt jafnlítið af 1. árs fræplöntum. Veldur þar mestu, hve laklega lerkið spíraði, eða aðeins tæplega 400 pl./m<sup>2</sup> á móti tæplega 1.000 pl/m<sup>2</sup> 1963. ~~X~~ Jafngóð spírun á lerkinu nú eins og þá, hefði gefið a.m.k. 100.000 pl. fleira.

Eg tel útilokað, að meðhöndlun fræbeða hafi í nokkru verið svo frábrugðin, að því megi um kenna.

Birkið spíraði einnig miklu verr en áður, en þar er orsökin kunn og má að einhverju leyti kenna um handvömm, meðan Páll Guttormsson var veikur. En þá verður jafnframt að minnast þess, að á undanförnum árum hafa birkisáningar hér í gróðrarstöðinni orðið alltof þéttar, svo að óvist er, hvort plöntufjöldi á m<sup>2</sup> verður nú of lítill til þess að fá góðar plöntur. Þetta mun koma í ljós næsta sumar.

Fjöldi 2/0 plantna er nú um 200.000 og 3/0 tæp 380.000. Áætlaður plöntufjöldi til dreifsetningar er tæp 460.000. Enn verður því að reikan

með, að aðrar gróðrarstöðvar taki við a.m.k. 150.000 plöntum til dreifsetningar héðan. Það yrði fyrst og fremst að vera af tegundunum sitkagreni, sitkabastarði og hvítgreni. Af öðrum tegundum er vart meira en eðlilegt geti talizt að greifsetja hér.

Kostnaður við fræplöntur varð um 48.500 kr., en var áætlaður 80.000 (en þar mun fræ innifalið).

### 3. Dreifplöntur.

Dreifsettir voru í ár 269.000 plöntur. Áætlað var að dreifsetja 297.000. Því miður voru nú ekki tök á að taka dreifplönturnar upp í plastpoka til geymslu, því að snemma voraði. Engu að síður tókst dreifsetningin vel að því leyti, að vanhöld virðast ekki hafa orðið mikil. En plönturnar voru auðvitað farunar að vaxa, begar þær voru dreifsettir, svo að þær urðu fyrir þeirri vaxtarýrnun, sem af þessu leiðir. Þetta er ekki annað en það, sem gerzt hefir hér flest ár.

Nú voru notuð hér í fyrsta skipti hin ~~XXX~~ sánsku dreifsetningarbretti með gúmmíköntum, sem byrjað var að nota í Fossvoginum árið áður. Er engin vafi á, að þau eru betri en gömlu tindabrettin. Plönturnar sitja betur í gúmmíkantinum en tindunum og stúlkurnar losna við stungubrettin, sem áður voru notuð. Hámarksafköst á greni urðu 8.000 pl. ~~XV~~ á dag, en á lárki 7.100 pl. á dag. Það var sérstaklega áberandi, hve fjótt óvanar stúlkur náðu tökum á dreifsetningu með þessum brettum. Og þær, sem vanar voru, kváðust ekki líkja því saman, hve miklu betra væri að nota hin nýju.

Í sambandi við dreifsetninguna vil ég taka fram, að við lentum nú aftur í því að burfa að peðra henni út um reitinn á marga staði, þar eð nægilega stór ~~XXXXXX~~ samfélld stykki voru ei laus. Veldur þar auðvitað miklu um, að plöntubil varð nú hvergi minna en 5 cm, og svo hitt, að mikið magn af söluplöntum losnaði ekki fyrr en í ágúst.

Kostnaður við dreifplöntur varð 115.000 kr., en var áætlaður 130.000.

### 4. Garðplöntur og græðlingar.

Minna magn var nú selt af garðplöntum en árið á undan, eða tæp 5.000 stk. Olli þar einkum, að miklu minna var nú til af Alaskaösp og viðju en þá. Í öðrum tegundum var salan nokkuð svipuð. Brúttosalan varð 74.000 kr., en kostnaður við garðplöntuuppældið 43.000 kr. Áætlaður kostnaður var 40.000.

Mikið skortir á, að nágu gott lag sé á garðplönturæktinni hjá okkur ennþá. Er bagalegast, að við höfum varla teljandi komið á stað með runnarækt, en eftirspurn eftir skrautrunnum eykst greinilega hér austanlands eins og annars staðar. Er nú ætlunin að komast eitthvað á stað með þetta í sumar.

### 5. Hreinsun.

I síðustu árskýrslu ræddi ég um það, hve mikið skorti á, að gróðrarstöðin hér væri svo snyrtileg útlits sem æskilegt væri. Í lok vorannans í ár var nokkurt á tak gert til þess að kippa þessu í lag. Voru aðalgangar teknir í gegn, kantar skornir o. fl. Var þetta hið mestu verk, er vinna burfti upp margra ára vanrækslu. En betta hafði í för með sér, að hreinsunin í heild fór um 5.000 kr. fram úr áætlun, varð tæp 60.000 kr. í stað 55.000, sem áætlað var.

### 6. Afhending plantna.

Afhentir voru 217.960 skógarplöntur, 4.983 garðplöntur og 218.400 dreifsetningarplöntur til annarra stöðva. Hægt hefði verið að afhenda mun fleiri plöntur en gert var. Þannig urðu t.d. eftir 18.000 plöntur, sem nú hafa staðið 4 ár í dreifbeði og hægt hefði verið að afhenda strax um vorið af blágreni, hvítgreni, broddfurum og fjallapin.

Um vorið var tekið upp snemma og látið í plastpoka á kælinn eins mikið af plöntum og hann rúmaði. Var þetta einkum rauðgreni.

Óvenjulega mikið af plöntunum var nú afhent í ágúst, eða 73.315

stk. á móti 144.645 stk. um vorið. Megnið af plöntunum, sem afgreitt var í ágúst, var leirborið. Var nú í fyrsta skipti notaður til þess grófur í saldarleir, sem sóttur var upp undir Hærtjarnarhrygg. Þá var reynt að pakka síðsumarplöntum af gredi í plastpoka og skilst mér, að það hafi líkað vel, þegar plönturnar voru leirbornar fyrst. Þá var tilraun gerð með að senda greniplöntur til Reykjavíkur í trékössum. Voru plönturnar leirbornar. Þetta voru 10.000 plöntur, sem bannig var gengið frá. Til þess að þessi pökkunaraðferð næði tilgangi sínum, burftu kassarnir að ~~þessi~~ vera stórir og rúma meira en 1.000 plöntur hver. Þá voru þeir orðnir svo þungir, að afarerfitt var að meðhöndla þá.

Þess er ekki að dyljast, að hinar leirbornu plöntur eru sennilega þriðjungi byngri en óleirbornar og eykst flutningskostnaður að sama skapi. En þar sem betta kemur trúlega í veg fyrir mikil vanhöld, borgar það sig ugglauðst. Ástæða væri til að gera samanburðartilraun með það næsta sumar. Og vissulega ætti reynsla að hafa fengizt sl. sumar af þessu í Haukadal, þar sem greniplöntur úr sömu beðum voru sendar þangað héðan, pakkaðar á fjóra vegu:

1. I trékössum, leirbornar.
2. I venjulegum strigapökum, óleirbornar.
3. I plastpokum, óleirbornar.
4. I pallstrokum, leirbornar.

Kostnaður við afhendingu skógarplantna fór mjög fram úr áætlun. Hann varð rúml. 29.000 kr. í stað 15.000, sem áætlað var. Leirhúðunin á þar nokkurn þátt í, því að allmikið verk er við hana. Ekki hefi ég á takteinum skýringu á þessum aukna kostnaði, þar eð afhendingin var að mestu unnin af sömu mönnum og undanfarin ár.

Bókfærður kostnaður við plöntusölu var á árinu 33.000 kr. Þetta er svotil allt saman flutningskostnaður á plöntum, sem kaupendum er færður til reiknings. Að vísu kemur mikill meiri hluti kostnaðarins á hin ýmsu skógelndi Skógræktar ríkisins, þar eð þau eru langstærsti viðtakandinn á plöntum héðan í ár. Þarna eru útgjöld, sem verða til þess að auka veltuna hér, en koma rekstri okkar á Hallormsstað ekkert við. Og þessi gjöld eru alls ekki sett upp á greiðsluáætlun. Þer að athuga þetta, þegar verið er að meta veltuna hér.

Rauverulegt verðmæti plantna, sem afgreiddar voru úr stöðinni í ár, er sýnt hér á eftir. Er þá ekki tekinn með söluskattur, flutningskostnaður, umbúðir og afgreiðslugjald, sem allt leggst ofan á sjálft plöntuverðið. Hins vegar eru plöntur til skógræktarfélags reiknaðar hér með 33% afslættinum. Verðmætið var þetta:

1. Skógarplöntur .....	kr. 511.679,16
2. Garðplöntur .....	" 64.960,00
3. Dreifsetningarplöntur .....	" 63.139,75

Alls kr. 639.778,91

=====

Reksturskostnaður stöðvarinnar á árinu er hins vegar bókfærður kr. 413.619,73. Þen þá er kaup verkstjóra ekki meðtalið, þar eð það er greitt frá Skógræktinni í Reykjavík. Ekki er heldur búið að reikna fræ, sem sáð var í vor. Enda þótt þessum liðum sé bætt ofan á, er rekstrar-útkoma stöðvarinnar hreint ekki slæm. Verður fróðlegt að sjá, hvernig samanburður milli stöðvanna kemur út. Ennfremur væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um útkomu stöðva skógræktarfélaganna, byggða á sama grundvelli, ef hægt er að fá þær.

I sambandi við þessar rekstrartölur verður auðvitað að taka fram, að fastakostnaður er þar ekki meðtalinn.

I sambandi við söluplöntur vorsins 1965 er rétt að vekja athygli á því, að þar höfum við nú reiknað með 43.000 édreifsettum lerkiplöntum, bæði 2/0 og 3/0. I fyrsta lagi eru þessar plöntur svo stórar, að þess vegna tejum við þær hæfar til útplöntunar, og í öðru lagi er sáningin

nægilega gisin til þess, að plönturnar séu ekki mjög rótarvana. Við höfum nú síðustu árin getað dáðst að því, hve vel heppnaðist plöntunin á 3/0 lerki 1957. Hefi ég því talið sjálfsagt að fylgja eftir þeiri heppni og notfæra sér það að geta plantað miklu ódýrari plöntum en ella. Sú litla tilraun, sem Jón J. Jóhannesson gerði með XXX bað í summar að planta 2/0 lerki út í skóg um miðjan júlí (sjá undir plöntun), er mjög uppörvandi í þessu sambandi. Við erum nú reiðubúnir að gera tvænnskonar öryggisráðstafanir, sem ekki voru kunnar árið 1957: 1) Leirhúðun og 2) toppstýring. Sjálfsagt verður að gera nú í vor tilraun með að senda svona lerkiplöntur til fjarlægra landshorna og athuga, hvernig þær muni pola flutninginn.

### 7. Áburðargjöf.

Betta var notað af áburði í gróðrarstöðinni:

550 kg Kjarni.

550 " brennisteinssúrt kalí.

450 " prífosfat.

5 bílhlöss sauðatað.

## VI. Plöntun.

### 1. Hallormsstaður.

Plantað var nú 23.335 plöntum á Hallormsstað, eða ívið minna en áætlað var.

Hér var plantað frá miðjum júlí til miðs ágústmánaðar. Plöntunin í júlí miðaðist sérstaklega við að koma niður afgöngum af ýmsum tegundum obkvæmum, sem sum hver höfðu staðið lengi í gróðrarstöðinni. Var þetta einkum sett í Mörkina. Þöllinni á Atlavíkustekk var plantað inni í lerki-skóginum bar. Var mjög ánægjulegt verk að planta þarna, því að jarðvegur var svo gljúpur.

I júlí var plantað hér alls 5.865 plöntum og varð kostnaður við það 13.900 kr., eða kr. 2,37 á plöntu. Hér verður að minnast þess, að þetta var engin venjuleg akvæðisplöntun, heldur plöntun á litlum sýnis-hornum hingað og bangað, og í sumum tilvikum gerðar tilraunir með plönt-unaraðferðir. Skal hér síðar skýrt frá einni slíkri tilraun með 2/0 lerki.

Reynt var að planta broddfurum í gróðurlítinn mel og búfjáráburður notaður með.

Norðmannaplöntun. Dagana 5.-17. ágúst dvöldu hér 9 Norðmenn. Þeir plöntuðu mest hér á Hallormsstað, en dagana 14. og 15. ág. plöntuðu beir í Eyjólfssstaðaskógi fyrir Skógræktarfélag Austurlands.

Norðmennirnir bjuggu í Mörkinni, nema Svein Solli ritstjóri, sem bjó hér á Akurgerði, og borðuðu bar,

Þeir plöntuðu alls 16.200 plöntum á Hallormsstað og 6.000 plöntum á Eyjólfssstöðum. Kostnaður við dvöl beirra hér, sem greiddur var af Skógrækt ríkisins, varð 17.400 kr. Beinn kostnaður við Norðmannaplöntunina hér á Hallormsstað varð því XXX kr. 1,07 á plöntu.

Þess verður að geta, að meðan Norðmennirnir dvöldu hér var Þorsteinn skáld Valdimarsson hér á Hallormsstað og borðaði í Mörkinni. Hélt hann gestum vorum selskap á kvöldin og fór með þeim í ferðalög, sem farin voru í nágrennið. Rómuðu Norðmennirnir mjög hans þátt í að gera þeim dvölinu hér ánægjulega.

Plöntunartilraun. Gerð var lítil tilraun með að planta út í skóg 2/0 lerki á miðju sumri, meðan plönturnar voru í fullum vexti. Skal nú nánar frá þessu greint eftir Jóni Jósep Jóhannessyni:

Plantað 20. júlí. Hitastig um daginn 20 stig C. Fjöldi 100 plöntur. Aðferð: Bjúgskófla og hnausinn mulinn. Þar eð Öskjuvikur var í jarðveginum, var notuð fyllimold úr lerkiþeðinu. Meðhöndlun: Um leið og búið var að taka plönturnar upp úr beði voru þær settar í vatn og geymdar

Tafla IV. Gróðursetning á Hallormsstað 1964.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Mörk-in	Atla-virkur-stekkur	Stóri-skógr	Bisk-ups-botn	Græni-botn	Lýsis-hóll	Akur-gerði	Alls
Blágreni	Sapinero	2/4	25	-	-	-	-	3.500	-	3.525
Broddgreni	Sapinero	3/6	250	-	-	-	-	-	-	250
"	Sapinero	3/4/4	-	-	-	-	-	-	70	70
Hvítgreni	Summit Lake	2/4	-	2.000	-	-	-	3.500	-	5.500
Rauðgreni	N.Tröndel.ytre	2/4	100	-	-	-	-	-	-	100
Broddfura	Sapinero	3/4	-	-	-	-	-	-	-	160
Stafafura	Skagway	3/5	130	-	-	-	-	-	-	130
"	Skagway	2/3	-	1.000	1.200	-	-	-	-	2.200
"	Thorup plant.	2/4	-	-	-	-	-	-	-	4.600
"	Djurhus Egsm.	2/4	-	-	1.500	-	-	-	-	4.600
"	Hallormsstaður	2/4	-	-	100	-	-	-	-	1.500
Evrópulerki	Tyrol	2/4	-	-	-	-	-	-	-	100
Rússalerki	Arkangelsk	2/0	100	-	-	-	-	-	-	300
Fjallaböll	Lawing	3/6 &	-	500	-	-	-	-	-	100
Marpöll	Cordova	3/6	150	690	-	-	-	-	-	3.960
Alls			755	690	5.100	1.200	3.920	11.600	70	23.335

Tafla V. Gróðursetning í Jórvík í Breiðdal 1964.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi
Blágreni	Sapinero	2/3	2.650
Hvítgreni	Summit Lake	2/3	2.750
Bergfura	Hautés-Alpes	3/3	550
Broddfura	Sapinero	3/3	1.500
Stafafura	Fairbanks	2/3	275
Evrúpulerki	Tyrol	2/3	900
Rússalerki	Sénkúrsk	2/3	525
Fjallabínur	Sapinero	3/3	200
Gráelri	Helsinki	2/3	1.325
Alls			10.675

þar í 1 klst. Því næst voru rætur leirhúðaðar.

Hinum 20. ágúst voru plönturnar athugaðar aftur. Allar lifðu vel og virtust hafa haldið áfram vexti, eins og hinarr, sem eftir stóðu í fræbeðinu.

## 2. Jórvík.

Byrjað var að planta í Jórvík 11. júní og lokið 22. júní. Eins og fyrr var greint, fór þessi plöntun öll úr skorðum vegna inflúenzufaraldursins.

Plantað var alls 10.675 plöntum. Öll plöntunin fór fram skammt frá bænum í Jórvík og sumu var plantað í túnið þar.

Plöntunum var gefinn áburður sumum hverjum. Bæði búfjáráburður og tilbuinn. Skal nú nánar greint frá áburðargjöfinni:

Stafafura: 1/4 bjúgskófla af búfjáráburði með hverri plöntu og hnæusinn mulinn.

Bergfura: Ca. 20 g blanda af Kjarna og brífosfati á plöntu.

Broddfura: Ca. 15 g á plöntu af sömu blöndu.

Hvítgreni: Ca. 15 g ureaform á plöntu.

Kostnaður við Jórvíkurplöntunina varð kr. 11.100, eða kr. 1,04 á plöntu. Í þessu er raunar fólginn nokkur vinna við áburðardreifingu á plöntur frá 1962. Fyrir vangá var petta ekki sundurliðað. Taka verður fram, að ekkert var nú plantað í birkikjarrlendi, svo að kostnaður við grisjun varð enginn.

## Hirðing plantna og áburðargjöf.

### 1. Hallormssstaður.

a. Kjarrhreinsun. Á næri öllu því svæði, sem birki var fellt ofan af eldri plöntunum og lýst var í kaflanum um skógarhögg, var farið á undan högginu með kjarrsög og hreinsaður birkiteinungur milli plantna. Viða í Lýsishólnum var petta orðið ákaflega aðkallandi. Þótti þar réttara að nota kjarrsög en hormónalyf við kjarrhreinsunina, sökum þess að þarna ~~XXXXXX~~ verða á næstu árum mjög heppilegir sýnisreitir af ýmsum grenitegundum og lerki, en einnig sökum hins, að ~~víðast~~ var þar plantað svo þétt, að fella má talsvert af jólatrjám næstu ~~XXX~~ 2-3 árin, þar til hinir eiginlegu jólatrjáreitir verða orðnir nægilega vaxnir.

Af sömu ástæðum var farið með kjarrsög yfir greni- og furureitina við Króklæk og Kerlingará framan við Mörkina.

b. Áburðargjöf. Fyrst er að geta þess, að á þessu sumri kom í ljós mjög mikill árangur af áburðargjöf á rauðgreni (plantað 1948) frá vorinu 1963. Petta var eiginlega eina gredi, sem óx særilega á sumrinu. Þarna var að vísu borið kröftuglega á: Ca. 100 g af Kjarna á plöntu. Það er hægt að fullyrða, að án áburðarins hefði orðið ~~XXX~~ sáralítill hæðarvöxtur í summar.

I júlímanuði miðjum var borið talsvert á gredi í Lýsishól, mest megnis rauðgreni, en einnig lítils háttar á sitka- og hvítgreni.

Aðallega var borið ureaform, en einnig til reynslu garðáburður og brífosfat. Þar eði petta var svo seint, var ekki árangurs að vænta á þessu sumri, sérstaklega ekki með því ágústmánuður var svo frámunalega kaldur sem raun varð á.

Athugun leiddi í ljós, að tveir menn gátu borið á 100 kg af ~~XXXXXX~~ ureaformi á  $1\frac{1}{2}$  klst. Af þessum áburði var borið 35-50 g á plöntu af gredi, sem er um 10 ára gamalt. Af garðáburði var magnið á pl. um 30 g og 35 g af brífosfati.

Kostnaður við þessa liði varð á árinu 13.000 kr.

### 2. Jórvík.

Plönturnar frá 1962, sem ekki stóðu í rásum í birkikjarri, heldur á algeru bersvæði, voru ákaflega vesseldarlegar. Mjög margar héngu hreinlega á ~~h~~ndriminni, voru bæði ákaflega bleikar, nálalitlar og nálastuttar.

Var petta sérstaklega á plöntunarsvæðinu ofan við bæinn í Jórvík.

Hins vegar litu hreint ekki illa út plöntur þær, sem stóðu í rás-um í birkikjarri, og lítil vanhöld virtust hafa orðið í þeim.

Nú var borið á talsvert af því, sem verst var útleikið af plöntunum, blanda af ureaformi og prífosfati, en nægilegt áburðarmagn entist ekki á allt. - Næsta sumar verðu fróðlegt að sjá mismuninn.

## VII. Vegagerð.

Ruddir voru með jarðýtu 1.600 m af nýjum skógarvegum. Þessi vegagerð var í Lýsishól 620 m og í Framhólum 980 m. Vegagerðin í Lýsishól var gerð vegna Norðmannaplöntunar í sumar, en vegagerðin í Framhólum vegna skógarhöggs í vetur og plöntunar ársins 1965.

Kostnaður varð 22.200 kr.

Vegagerð ríkisns hélt áfram vegalagningu í Ásunum. Var halddið áfram þar, sem frá var horfið í fyrra utan við Tófuklöpp og lagður vegur inn fyrir Klifá og staðnæmzt neðan við mel, sem er rétt utan við gamla hliðið niður af Buðlungavöllum. Petta var mjög mikil vegagerð, sprengingar geysimiklar innan við Klifá og miklar fyllingar. Er nú aðeins eftir auðlagður spotti inn að Gilsá.

I haust var svo smíðuð brú á Klifána, hið mesta mannvirki, 36 m löng, á geysiháum stólpum.

## VIII. Byggingar.

Mörkin. Nú var svefnskálinn, sem keyptur var á sínum tíma af Guðmundi Jónssyni og stóð inni við Kelringará, fluttur niður í Mörk og settur þar á varanlegan grunn. Var hann settur á stólp, laus frá jörð að öðru leyti.

Húsið var einangrað með 1" ~~██████~~ þykku plasti (aðeins miðað við sumarnotkun) og kætt innan með 12 mm þykum hörplötum. Í gólfíð voru ~~████████~~ einnig notaðar hörplötur, en karlit límt ofan á og síðan dúklagt. Gert var ofurlítið anddyri og snyrtiherbergi. Búið er að kaupa í það hreinlætistæki, en þau ósett upp ennþá.

Rafmagn var lagt í húsið og er það hitað upp með tveimur 500 W rafmagnsbílofnum. Miðað er við að geta haft í húsinu allt að fjórum tvíhæða rúmum (svefnpláss fyrir 8 manns) og var raflögn miðuð við það, svo að hægt er að hafa leslampa við hvert rúm.

Húsið var málæð í hólf og gólf að innan. Var það tilbúið til vistar fyrir Norðmennina í ágúst.

Kostnaður hefir orðið sem hér segir:

1. Vinna .....	kr. 33.380,73
2. Efni (að frádregnu raflagnaefni) .....	" 24.466,67
3. Raflögn (efni og vinna), einnig í matarbúrið .....	" 19.602,20
4. Flutningar og akstur .....	" 1.427,50

Alls kr. 78.877,10

=====

Ekki er þess að dyljast, að kostnaður við þessa framkvæmd fór um tveimur og hálfum sinnum framúr því, sem ég hafði látið mér detta í hug. Var hvort tveggja, að efni varð dýrara og petta reyndist miklu meira verk en mig óraði fyrir. Var þó sannarlega vel að unnið, því að fyrir verkinu var Gunnar Óssurarson trésmiður úr Reykjavík, duglegasti maður og úrræðabezti þeirra, sem hjá mér hafa unnið nokkurn tíma.

Nú er eftir að ganga frá húsinu að utan, setja úтиhurð og hurð á snyrtiherbergi.

I sjálfu Markarhúsinu var lítið unnið í þetta skipti, nema hvað ég málaði þar nokkuð í vor, áður en vinna hófst, eins og ég geri á hverju

vori. - Í haust var svo ýmislegt gert til ~~XXXXXXXXXX~~ lagfæringa, eins og síðar mun að vikið, en þær framkvæmdir snerta ekki rekstur skógræktarinnar beinlínis. - Hins vegar komu nú til reiknings eftirlegukindur frá árinu áður, er námu 3.200 kr..

Svo sem vikið var að hér að ofan var rafmagn lagt í litla matarbúrið, sem er við hliðina á íbúðarhúsinu, um leið og það var lagt í svefnskálann. Var kostnaðurinn við það sundurliðaður sérstaklega.

Verkfærageymsla. Á árinu var þar ekkert lagfært, en til reiknings kom vinna við raflögn o. fl. frá árinu 1963, er nam um 5.000 kr.

Jórvík. Hannes Þórðarson dyttaði nokkuð að íbúðarhúsinu í Jórvík, meðan hann dvaldi þar í ~~XW~~ sambandi við plöntunina í vor. M. a. málaði hann þak hússins o. fl. Vinnu sína við þetta gaf hann, en efniskostnaður var 1.400 kr.

Skógarvarðarbústaður. Á þessu ári var ekkert fé lagt til þess að ljúka smiði hússins hér á Akurgerði. En ég létt fyrir eigin reikning vinna hér nokkuð. Greiddi ég málningu hússins að utan frá árinu 1963 og létt innréttu geymsluna í ~~KJ~~ kajllara hússins og ljúka við að innréttu herbergið í norðurenda neðri hæðar ásamt gangi í það og gestaherbergið. Allt nemur þetta milli 30 og 40 þús. kr. Með þessu má heita, að smiði hússins sé lokið. Er þá aðeins eftir að kústa innan miðstöðvarklefa hússins og útbúa bekki og setja upp vask í þvottahús. ~~XW~~ Auk þess er auðvitað eftir að búa skrifstofuna hér hentugum húsgögnum, og hlýtur einhvern tíma að koma til kasta Stofnunarinnar að kosta til þess.

## IX. Vélar og verkfæri.

### 1. Áhöld og verkfæri.

Merkast þess, sem keypt var nýtt á árinu af verkfærum, var lítil rafsuðuvél, hið vænsta þing, sem þegar hefir komið í góðar þarfir. Kostaði hún rúmlega 10.200 kr.

Þá voru fengin 6 dreifsetningarbretti af hinni nýju gerð hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Kostuðu þau 12.900 kr.

Loks var bætt við nokkru af nauðsynlegum handverkfærum, vökvunar- slöngum o. fl. Alls kostuðu ný verkfæri 32.800 kr.

Viðgerðir og varahlutir í verkfæri kostaði alls 18.600 kr. Stærsti liðurinn í því var sá, að Ferguson-dráttarvagninn góði og -kurlsögin voru yfirfarin og máluð. Kostaði það verk um 9.500 kr.

Benzín og olíur á verkfæri kostaði rúml. 1.500 kr.

Alls námu gjöld á verkfæraliðnum 53,000 kr., en tekjur rúml. 1.000 kr. Gjöld vegna áhalda og verkfæra voru áætluð 20.000 kr. Skv. venju hefir alltaf verið ætlað of lítið til þess liðar, meðan verið er að komast yfir nauðsynlegustu verkfæri til þess að geta annað viðhald véla hér heima.

### 2. Bifreið.

Vörubifreið okkar hefir reynzt prýðilega. Atlunin var að setja á hana sturtupall á þessu ári. Það komst þó ekki í verk fyrir vorið og síðan varð aldrei tími til þess, það sturnar komu strax í apríl. Er nú atlunin að gera þetta í veturn.

Rekstur bílsins kostaði 30.700 kr., en tekjur af honum urðu 11.700 kr., mestmegnis plöntuflutningur. Langhæsti rekstrarliðurinn varð benzín. og olíur, 17.500 kr. Er því ekki að neita, að bíllinn er þorstlátur. En vera má, að eitthvað megi úr því bæta með stillingu, og verður þess freistað.

### 3. Dráttarvél.

Ekkert sérstakt vor um dráttarvélina að segja að þessu sinni. Hún gekk afbragðsvel. En viðhald er alltaf talsvert, ef allt á að vera í lagi.

Vél pessi hefir nú verið í gangi í 8 ár við mikla notkun, en manni finnst eins og að taka í nýja vél að aka henni. En auðvitað er það vegna þess, að hún hefir aldrei verið látin drabbast niður og gert við allt jafnóðum. - Engu að síður gæti verið ástæða til þess að fara að hugsa til endurnýjunar, þar eð nýjustu dráttarvélar hafa ýmsan útbúnað miklu fullkomnari, einkanlega að því er lyftingu varðar, og eru þannig miklu afkastameiri t. d. við mokstur.

Gjöld urðu alls 17.400 kr., en leigutekjur tæpl. 1.400 kr.

#### 4. Jarðýta.

Gangtímar á árinu voru 433. Af því voru 171 í eigin vinnu, en 262 í leigu. Reksturskostnaður varð 49.400 kr. Tekjur af leigu til annarra urðu 71.300 kr., en í eigin vinnu 18.810 kr. Reiknaði ég 110 kr. á klst. í eigin vinnu að þessu sinni.

Rekstur ýtunnar á þessu ári varð því mjög hagstæður, enda urðu aðeins smávægilegar bilanir. Gerði reksturinn í ár meira en borga hina gagngerðu viðgerð frá árinu áður.

En nú er samt svo komið, að belti o. fl. er farið að slitna svo mjög, að eitthvað þarf að gera til viðhalds. Ég hefi von um að geta fengið hér eystra sams kónar jarðýtu, sem lagt var fyrir einum 2 árum, með hagstæðum kjörum. Ef betta tekst, verður séð fyrir varahlutabörf um nokkur ár. Svo vill nefnilega til, að þeir hlutar, sem mest eru slitnir í okkar ýtu, eru lítt sltnir í þessari. Tókuðst við Guðmundur ýtumaður ferð á hendur í haust til þess að skoða gripinn og leizt mjög vel á.

#### 5. Flettisög.

Loks er hér eftir að telja þann mikla grip, sem hingað kom í haust: flettisögina. Hún er reyndar óuppsett, en meinингin að reyna að setja hana upp fyrir næsta sumar.

#### X. Ferðir og leiðbeiningar.

Engar meiri háttar ferðir voru farnar í umdæminu á árinu. En meðfylgjandi listi er yfir þær ferðir, sem ég fór hér um nágrennið í erindum Stofnunarinnar. Eru þá ekki taldar útréttið ferðir í Egilsstaði eða aðrar ferðir þangað, t. d. að sækja menn þangað o. fl. og ei heldur ferðir í Eyjólfssstaði fyrir SKAL.

Að skógarvarðafund fór ég í febrúarlok og dvaldi í Reykjavík í 6 vikur. Að loknum fundi var ég nokkra daga við að skrifa uppkast að fundargerð, en vann því næst við að endurrita ritgerð um lerki, er ég hafði saman settu fyrir Ársrit Skf. Íslands. Auk þess var ég í margvíslegu stússi í höfuðborginni XXXXX við undirbúning á byggingu heimavistar-barnaskóla á Hallormsstað, en ég tókst á hendur formennsku í byggingar-nefndhans árið 1961.

I ágústmánuði fór ég í skógræktarför til Noregs og hafði á hendi fararstjórn annars hóps Íslendinganna. Ég lagði af stað í þá fór að heiman 2. ág. og kom heim 23. ág.

Hinn 26. ág. fór ég aftur að heiman á aðalfund Skf. Íslands á Laugarvatni, fór heim af þeim fundi landleiðina og kom heim aftur 6. sept. Var þá minna haustlegt hér á Hallormsstað en nokkurs staðar á leiðinni frá Reykjavík.

#### XI. Ymislegt.

Skipulagsuppráttur af Hallormsstað og bygging heimavistarbarnaskóla. I skýrslu minni fyrir árið 1961 skýrði ég frá því, að ákvæðið væri að reisa hér á Hallormsstað heimavistarbarnaskóla fyrir Upphérað og væri honum valinn staður á túni Húsmæðraskólans neðan þjóðvegar. Hins vegar varð XX endalaus dráttur á því, að framkvæmdir hæfust, þar eð XXXXX

Fylgiskjal með kafla nr. X, ferðir og leiðbein.

Ferðalög á Austurlandi árið 1964:

7. maí. Plöntun á Eiðum.
8. " Eskifjörður, aðdrættir v/matarfélags o. fl.
9. júní. Jórvík, skipuleggja plöntun.
17. " Jórvík, fara með Jón Jósep og athuga plöntun.
17. júlí. Egilsstaðir, leiðbeina Sveini Jónssyni bónda við plöntun og velja með honum plöntunarland í Egilsstaðaskógi.
23. " Eskifjörður, aðrátta- og fjármálaferð.
8. sept. Fljótsdalur og Seyðisfjörður, með þýzku veðurfræðingana, dr. Kreutz og Thomas.
17. " Eskifjörður, athuga jarðýtu, sem bar er föl til kaups.
24. " Reyðarfjörður, athuga flettisög. Eiðar, skipuleggja sírðingavinnu.
11. okt. Neskaupstaður, á starfsfræðsludag. Ráðinn leiðbeinandi um skógrækt. Þurfti aldrei að veita leiðbeiningar, því að enginn spurði
16. " Eskifjörður, athuga skaðabótatilfelli, er varðaði skruðgarð, og sækja flettisögina á Reyðarfjörð.
11. des. Eskifjörður, flytja jólatré og arinvið.
20. " Reyðarfjörður og Eskifjörður, með jólatré.

teikningar af húsinu voru ekki tilbúnar frá embætti Húsameistara ríkisins.

Haustið 1963 var sú niðurstaða orðin hjá arkitektinum, sem að teikningum vann, að óheppilegt væri ýmissa hluta vegna að reisa ~~HÍK~~ betta mikla hús neðan þjóðvegar. Þá um haustið kom ég til fundar við hann í Reykjavík í byrjun október. Varð sú niðurstaða okkar, að brýna nauðsyn bæri til að ákveða stað fyrir skólahúsið í skipulagi fyrir byggð hér á staðnum, þar eð betta hús yrði hið langstærsta hér um langa framtíð og nauðsynlegt væri að skipuleggja hugsanlega framtíðarbyggð í tengslum við það. Var ákveðið, að arkitektinn og Reynir Vilhjálmsson skruðgarðarki-tekt og skipulagssérfræðingur (sem falið hafði verið að skipuleggja lóð væntanlegs barnaskóla) komu hingað til þess að rannsaka staðhætti betur.

Hinn 18. janúar komu þeir hingað Reynir Vilhjálmsson og Þorvaldur Þorvaldsson arkitekt hjá Húsameistara ríkisins, sem nú var tekinn við teikniverki barnaskólans. Þeir dvöldu hér í 4 heila daga til 22. janúar og skoðuðu staðinn mjög rækilega. Þeir athuguðu hugsanleg grunnstæði fyrir byggingarlóðir og gerðu hér á staðnum fyrstu skissu að tillögu um skipulag staðarins og jafnframt staðsetningu barnaskólahúss.

Ég vil nota betta tækifæri til þess að lýsa ánægju minni yfir vinnubrögðum þeirra, sem ég tel hafa verið til fyrirmynadar. Þeir settu sig af óvenjulegri samvirkusemi inn í allar aðstæður hér, könnuðu landið mjög nákvæmlega, veltu fyrir sér fjölmörgum hugsanlegum möguleikum og fóru ekki af staðnum, fyrr en þeir höfðu komið að ákveðinni niðurstöðu.

~~HÍK~~ Hinn 9. febrúar fór ég til Reykjavíkur á fund til þess að kynnast skipulagstillögu þeirra félaga. Að þessum fundi voru allir þeir aðilar, sem eitthvað gátu haft til mála að leggja, m. a. skógræktarstjóri. Gerðu þeir Reynir og Þorvaldur þar grein fyrir skipulagstillögu sinni. Allir fundarmenn tjáðu sig samþykka tillöggunni. Rek ég ekki þennan þátt frekar, þar sem skógræktarstjóra er hann svo kunnugur.

A skipulagsupprættinum er barnaskólinn staðsettur framan í holtinu sem er beint upp af bænum á Hallormsstað og beint niður af Kolagjót.

I marzþyrjun var garfið fyrir vegi heim á skólastaðinn og í byrjun maí var grafið fyrir grunni hússins. I júní hófst vinna við smíði þess og fyrir jól var búið að slá upp fyrir 2 af 3 álmum pakhæða ofan á kjallara og grunn.

Ég skal hér aðeins ~~HÍK~~ skýra í stórum dráttum frá húsi þessu, þar eð tilkoma þess mun gerbreyta aðstöðu til þess að halda hér á Hallormsstað stóra fundi á landsmælikvarða, eins og t. d. aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Enda má það vera Skógrækt ríkisins gleðiefni, frá öllum sjónarmiðum að fá skóla þennan staðsettan hér á Hallormsstað.

Skólahús þetta verður um 6.000 m<sup>3</sup> að stærð og verður langstærsta hús, sem enn hefir verið reist hér á Héraði. Þar verður rúm fyrir 56 börn í heimavist og í því verða íbúðir fyrir 3 kennara. Miðað er við, að hægt verði að nota húsið til hótelhalds á sumrin. Verða þar 14 2ja til 3ja manna gistihverbergi. Svo verður frá gengið, að gera má 2 kennslustofur að einum sal og er þar lítið leiksvið, svo að þarna getur orðið rúmgóður fundarsalur fyrir stóra fundi. Borðsalur verður mjög stórv, og þar verður setustofa og bókasafnsherbergi með lítilli lesstofu.

Aætlað er, að húsið kosti 13,5 millj. kr. og áformáð er að hafa það tilbúið til skólahalds haustið 1966.

Ég get ekki stillt mig um að segja frá því hér, að um leið og teikning af skólahúsinu var lögð fyrir menntamálaráðherra til samþykktar sl. vor, fylgdi henni teikning af skipulagi lóðarinnar. Þeir í menntamálaráðuneytinu tjáðu okkur, að þetta væri í fyrsta skipti, sem það væri gert, þegar um skólabyggingu væri að ræða á Íslandi og töldu til fyrirmynrar.

I framhaldi af þessu get ég bætt við, að áherzla mun verða lögð á það af hálfu byggingarnefndarinnar að ljúka húsinu sem mest utan þegar á sumri komanda og þá hnera lóðina í þeirri mynd, sem teikning gerir ráð fyrir. Vænti ég þess, að í því efni getum við einnig orðið öðrum

skólastöðum í sveit til fyrirmynadar og jafnframt aukið sóma staðarins hér.

Fráfall Guttorms Pálssonar. Hinn 5. júní andaðist Guttormur Pálsson fyrrv. skógarvörður hér. Hann var jarðaður hér í grafreitnum á Hallormsstað hinn 13. júní að viðstöddu fjölmenni.

Þórarinn skólastjóri Þórarinsson á Eiðum flutti við útförina ræðu fyrir hönd skógræktarmanna, rakti störf hans að skógræktarmálum og bakk-aði. - Baldur Þorsteinsson skógfr. var fulltrúi Skógræktar ríkisins við útförina.

Góðar gjafir. Gunnar Össurarson trésmiður úr Reykjavík, sem vann hér nokkrar vikur í vor við að ganga frá svefnskálanum í Mörkinni og við innréttingu hér í skógarvarðarbústaðnum, afhenti mér við brottförlina 5.000,00 kr. að gjöf til Skógræktar ríkisins hér á Hallormsstað, sem hann óskaði eftir, að varið yrði til þess að prýða lóðina kringum skógarvarðarbústaðinn á einhvern þann hátt, sem ég teldi bezt. - Því miður var ekki nema lítill hluti notaður í ár. Átlunin var að vinna nokkuð að þessu í haust, en önnur störf, sem meira aðkallandi voru, sátu í fyrir-rúmi.

Er Jón Mariasson Seðlabankastjóri var hér í sumar (sjá síðar), afhenti hann mér 1.000,00 kr. að gjöf sem lítinn virðingarvott til Skógræktarinnar hér til þess að leggja áherzlu á hrifningu sína yfir því, sem hann sá hér. - Ég sagði honum, að plantað myndi verða í skóginн fyrir þessa upphæð og reiturinn láttinn bera nafn hans.

Barnaskóli í Mörkinni. Í haust fékk skólanefnd Vallahrepps lánað húsnæði í Markarhúsinu til þess að starfrækja þar heimavistar barnaskóla hreppsins í vetur og áfram, þar til nýja skólahúsið verður tekið í notkun.

Húsnæðið í Mörkinni er á margan hátt hentugra til skólahaldsins en það, sem notað hefir verið undanfarin á. - Í sambandi við þetta létt skólanefndin gera ýmsar smálagfæringar, sem allar eru til að gera húsið hlýrra og vistlegra.

Ferðafólk og gestir. Í júlí, meðan hinn mikli hlýindakafli stóð, var ákaflega margt ferðafólk hér í skóginum. Einn morguninn taldi ég 80 tjöld ferðamanna í Atlavík. Verður nú æ brýnni þörf á að sinna þessu fólki eitthvað og hafa yfir hásumarið fastan mann til þess að leiðbeina því og sjá um, að Víkin sé ætíð snyrtileg. Raunar þarf ekki að kvarta undan umgengni ferðafólkssins yfirliett.

Þá má nú ekki lengur dragast að bera á vellina í Atlavíkinni, því að mjög eru þeir farnir að láta á sjá. Og sennilega byrfti að marka fyrir sérstökum akbrautum á austurbakkanum. Loks er knýjandi nauðsyn að leggja rennandi vatn og koma upp betri aðstöðu til snyrtingar.

Í því sambandi vil ég geta þess, að eigendur samkomuskálanna í Atlavík ætla sér nú að taka á sig rögg og endurbyggja skálana eftir kröfum tímans og gera þarna menningarlega aðstöðu til samkomuhalds. Hefir Þorvaldi Þorvaldssyni arkitekt verið falið að gera teikningar að nýjum skálum. Teldi ég rétt að ~~XXXXXXXXXXXXXX~~ ráðgast við hann, ~~XXX~~ hvort ekki væri hægt að ameina aðstöðu til snyrtingar fyrir samkomuhaldið og ferðafólk.

Um verzlunarmannahelgina og dagana á undan dvaldi hér í Atlavík um 50 manna hópur aðventista úr Reykjavík undir forystu Svens B. Johansens og Júliusar Guðmundssonar, hinna ágætustu manna. Þeir höfðu fyrir sig svæðið vestan lækjara. Þeir fóru héðan mjög ánægðir með dvölina. Auk þeirra var hér nokkuð margt ferðafólk um þessa helgi- alrei þessu vant - og fór allt vel fram.

Í október höfðu skátar foringjanámskeið í Atlavík um vikutíma.

Eins og undanfarin ár var mörgum gestum sýnt um skóginн. Ef um hópa er að ræða, er þeim aðeins sýnt um Mörkina og í Guttormslund, en ef ef meiri tími er, þá er gjarnan farið með fólk á Atlavíkurstekk og

að gömlu rauðgrenitrjánnum við Jökulllæk. Og einstaka sinnum gefst tími til þess að fara í Lýsishól.

Af hópum og einstaklingum, sem sýnt var um skógin, nefni ég þessa:

- 2.-4. júní. A. H. Maxwell conservator frá Inverness í Skotlandi.  
19. " P. Tigerstedt frá Mustila í Finnlandi.  
24. " Bændaför-Eyfirðinga, 76 manns, undir leiðsögn Ragnars Ásgeirssonar og Ármanns Dalmannssonar skógarvarðar.  
26. " Danskur ferðamannahópur, 10 manns, er beið veðurtepptur Færeyskflugs á Egilsstöðum.  
28. " Húsmæður úr Suður-Pingeyjarsýslu, 100 talsins.  
30. " Aðalfundur Samvinnutrygginga, 20 manns.  
3. júlí. M. Blanchard frá Kaliforníu, kvíkmyndatökumaður og heimsflakkari.  
4. " Landfundur gagnfræðaskólastjóra (ásamt konum þeirra) undir leiðsögn Helga Elíassonar fræðslumálastjóra og Þórarins Þórarinssonar skólastjóra. 50 manns. Fagurt veður.  
4. " Sigurður A. Magnússon rithöfundur og Guðmundur J. Guðmundsson varaform. Dagsbrúnar í Reykjavík.  
6. " Haraldur Steinþórsson kennari úr Reykjavík.  
8. " Dönsk hjón, ~~og~~ Helga Krabbe frá Khöfn í fylgd Þórarins Þórarinssonar skólastjóra.  
8.-9. " Dr. N. A. Osara framkvæmdastjóri frá FAO í Róm, ásamt skógræktarstjóra og Ísleifi Sumarliðasyni á Vöglum.  
11. " Arve Helling, norskur kvíkmyndatökumaður. Tók myndir fyrir norska skólasjónavrpíð. Voru þær sýndar í október.  
12. " Ágúst Þorvaldsson ~~XXX~~ alþm., Brúnastöðum í Flóa og Eyjólfur Eysteinsson erindreki Sambands ungra Framsóknarmanna.  
13. " Ferðamannahópur frá Ferðaskrifstofunni Útsýn undir leiðsögn Óskars Halldórssonar námsstjóra.  
15. " Aðalsetinn Sigurðsson fiskifræðingur, kona hans og nokkrir ónafngreindir ferðamenn úr Reykjavík.  
18. " Jóhann Friðriksson framkvæmdastjóri úr Reykjavík og kona hans.  
19. " Norræni lýðháskólinn í Reykjavík, 48 manns.  
19. " Sigurður Guðjónsson bæjarfógeti í Ólafsfirði og 2 systkini hans. - Sigurður er án efa mesti sérfræðingur á Íslandi í amerískum furutegundum.  
20. " Páll Jónsson bókvörður úr Reykjavík, sem tók hér allmargar ljósmyndir að beiðni minni.  
22. Gu" Guðmundur Hjartarson framkvæmdastjóri úr Reykjavík og kona hans og Jakob Sveinsson kennari úr Reykjavík.  
22. " Páll Briem bankfulltrúi úr Reykjavík.  
24. " Jón Mariasson bankastjóri Seðlabankans og Nonnegard-Petersen bankastjóri Færøjabanka í Þórshöfn, kona hans og dóttir.  
1. ág. Ragnar Jóhannesson cand. mag. úr Reykjavík, sem í haust flutti svo ágætt útvarpserindi um bað, sem hann sá hér.  
1. " Straumfjörð læknir frá Oregon í Bandaríkjunum.  
24. " Leigh Crutchley fréttamaður frá BBC í London og Tryggvi Blöndal skipstjóri á Esju.  
25. " Lars Toksvig skógr. frá Danmörku.  
7. sept. Tveir þýzkir veðurfræðingar: Dr. Kreutz og Thomas, sem gerði hér ýmsar mikroklimatiskar athuganir.  
19. " Sigurður Thoroddsen og Haukur Jóhannsson verkfræðingar úr Reykjavík.  
9. nóv. Ingvi Þorsteinsson magister og Jónas Jónsson búfræði-

XXXXXXXXXXXXXX

kand. frá Atvinnudeild Háskólangs.

9. nóv. Gagnfræðadeild Þiðaskóla, 30 nemendur, ásamt Halldóri Sigurðssyni skólastjóra og Óskari Ágústssyni íþróttakennara á Laugum í S. Þing.

24.-28. " Hákon Bjarnason skógræktarstjóri.

Hallormsstað 31. janúar 1965

Sig. Blöndal